

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 1. bekk er kennt í tveimur umsjónarhópum. Nemendur eru 39, 12 drengir og 27 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Guðbjörg Sigríður Hauksdóttir og Katrín Baldvinsdóttir. Stuðningsfulltrúi í bekkjunum er Laufey Einarsdóttir. Karen Ingimundardóttir kennari kemur inn í lestrarkennslu. Sérgreinakennarar eru Harpa Magnúsdóttir (hönnun og smíði), Margrét Þorólfsdóttir (textil), Natalya Gryshanina (heimilisfræði), Eric Farley Hearn (myndlist) og Geirþrúður Bogadóttir forskóla/tónmennt. Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir og Þórir Rafn Hauksson.

Skipting kennslustunda

Íslenska- 11 stundir
Stærðfræði - 5 stundir
Lífisleikni - 1 stund
Enska – 1 stund
Náttúru- og umhverfisfræði- 2 stundir
Samfélags- og kristinfræði- 2 stundir
Upplýsinga- og tæknimennt- 1 stund
List- og sérgreinar - 4 stundir
Heimilisfræði - 1 stund hálf árið
Íþróttir og sund - 3 stundir

Íslenska 1. bekkur

Kennari: umsjónakennarar

Almenn markmið

Lestur

Að nemendur

- Kynnist bókstófum, orðum og setningum
- Fá tækifæri til að lesa bækur við hæfi hvers og eins
- Auki orðaforða, málskilning og lesskilning

Skrift

Að nemendur

- Dragi rétt til stafs og vandi frágang
- Sýni frumkvæði og skrifi sjálfstætt

Námsgögn

- lestur: Fimm vinir, lesbók og vinnubók
- hlustun: Lestrarlandið
- lestur: Listin að lesa og skrifa ásamt vinnubókum 1 og 2 og orðasafni
- lestur: Við lesum A ásamt vinnubók
- lestrarbækur við hæfi hvers og eins

- auk ljósrita frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hlustunarefni, leikræn tjáning, margmiðlun, námsleikir, ritun, söngur, tjáning, umræður, vinnubókarkennsla og aðrar kennsluaðferðir.

Námsmat:

- Skimunarpróf: Læsi 2, Leið til læsis, Tove Krogh teikniþroskapróf
- Önnur próf: hraðlestrarpróf og lesskilningspróf í lok skólaárs
- Gátlistar: kennari fyllir út gátlista um framfarir nemenda í námi, t.d. stafakunnáttu, einnig eru markmið í íslensku metinn á Mentor í námsframvindu.
- Skrift: skriflegt próf í lok skólaárs, einkunn gefin í tölum

- Markmið við lok 1. bekkjar er að nemendur lesi 30-80 atkvæði á mínútu, kunni alla bókstafina og þekki hljóð þeirra.

Stærðfræði 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennari

Almenn markmið:

Að nemendur

- Læri tölustafina, talningu og að nýta sér þá þekkingu í hlutbundinni vinnu.
- Nái völdum á samlagningu og frádrætti
- Læri undirstöðuatriði klukkunnar (heill og hálfur tími)
- Vinni með flokkun og mælingar og tengi stærðfræði við daglegt líf

Námsgögn

- Sproti 1, nemendabók og æfingahefti og Sproti 2a
- Ýmis verkefni frá kennara
- kubbar, talnagrindur, teningar ofl.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hópverkefni, námsleikir, sköpun, sýnikennsla, umræður, upplýsingartækni og vinnubókarnám.

Námsmat

- Lotupróf – námsefninu er skipt upp í lotur og fer hver nemandi á sínum hraða eftir getu. Ef nemandi nær ekki lágmarkinu fær hann frekari þjálfun. Gildir 50 %
- Lokapróf – lagt fyrir í lok vorannar, prófað úr markmiðum árgangs. Gildir 20%
- Vinnubók – bækur nemenda metnar og því mikilvægt að vanda frágang. Gildir 20 %
- Vinna í tímum – 10%

Lífsleikni 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur

- Læri reglur og að framfylgja þeim
- Gera sér grein fyrir að ekki eru eins og bera virðingu fyrir sérstöðu annarra
- Þekki helstu tilfinningar og geti tjáð þær, hugsanir og skoðanir sínar
- Læri að framfylgja helstu væntingum í kennslustofu, matsal, salerni og á útisvæði

Námsgögn

- Númer og höfuðin sjö
- Spor 1
- Ýma tröllskessa
- Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS)

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustun, tjáning og umræður

Námsmat

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Enska 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur

- Læri söngtexta á ensku
- Einföld orð og setningar (t.d. kynna sig, heilsa og fl.)

Námsgögn

- Efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustun, hlutverkaleikir og umræður

Námsmat

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Náttúrufræði 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur

- Þekki algengustu húsdýrin
- Þekki heiti, hugtök og tilgang líkamshluta
- Geri sér grein fyrir veðráttu og klæðnaði í samræmi við það.
- Geri greinarmun á hollri fæðu og óhollri
- Geri sér grein fyrir tannheilsu
- Kynnist útikennslu, þar sem umhverfi skólans er nýtt til fræðslu
- Taki þátt í umhirðu skólans og skólalóðarinnar
- Flokka og endurnýta pappír og geri sér grein fyrir tilgangnum með flokkuninni

Námsgögn

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Myndspjaldabók um húsdýrin
- Veraldarvefurinn

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustun, umræður, vettvangsferðir, útikennsla og þemanám

Námsmat

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Samfélagsfræði 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur

- Kynnist landi, þjóð og þekki helstu staði í sínu nærumhverfi
- Þekki helstu umferðamerki og læri að fara eftir þeim
- Þekki árstíðirnar, mánuðina og vikudagana
- Þekki veðureinkenni árstíða

Námsgögn

- Skólabókin mín
- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Ungir vegfarendur - umferðarverkefni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustun, umræður, vettvangsferðir og þemanám

Námsmat

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Trúarbragðafræði 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið:

Að nemendur

- Læri bænina Faðir vor
- Heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni
- Kynnist frásögnum af fæðingu Jesú, læri jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- Þekki tilefni páskanna

Námsgögn

- Barnabíblían og annað efni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Hlustun, sköpun, söngur, tjáning, umræður og vettvangsferðir

Námsmat

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Upplýsingatækni 1. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Að nemendur

- Læri að umgangast tölvur og aukahluti af virðingu
- Læri að nýta tölvur til að afla sér þekkingar
- Geri sér grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að vera á veraldarvefnum

Námsgögn:

- Tölvur í tölvuveri, ýmis forrit og vefsíður

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Margmiðlun, námsleikir og þjálfunarforrit

Námsmat:

- Munnleg umsögn á foreldradegi

Hönnun og smíði

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Almenn markmið:

- Læri ábyrga umgengni og fylgi vinnureglum í smíðastofunni
- Þjálfist í að beita einföldum verkfærum
- Sýni vinnu annarra virðingu og læri að vinna saman í hópi
- Geri verkefni sín persónulega með eigin hugmyndum

Námsgögn

- efnisviður úr tré, mdf., plast og úr endurvinnslukassa, ýmis handverkfæri og efni sem þarf til að skreyta verkefnin

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hugmyndavinna, sköpun og umræður

Námsmat

- annað mat, kennari notar símat í kennslustundum og metur verkfærni, vandvirkni, iðni, áhuga, umgengni og hegðun
- **nemendur fá umsögn í lok skólaárs**

Heimilisfræði

Kennari: Natalya Gryshanina

Almenn markmið:

- læri um mikilvægi hreinlætis
- læri um mikilvægi hollrar fæðu
- kynnist áholdum og mælieiningum
- útbúi einfalda rétti

Námsgögn

- Heimilisfræði fyrir byrjendur og annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- sýnikennsla

Námsmat:

- vinnubók – nemandi og kennari meta sameiginleg vinnubókina, umsögn gefin í bókina

Myndmennt

Kennari: E.F.Hearn

Almenn markmið:

Nemandi :

- þekki frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur
- þekki hugtakið grunnform og geti greint muninn á náttúrulegum formum og grunnformum
- þjálfist í að vinna myndræna frásögn úr umhverfi sínu, upplifanir og ímyndanir, með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti þessara hluta

Námsgögn

- Margvíslegar tegundir pappírs, litir, vatnslitir, málning, kol, blek, lím og ýmiss önnur verkfæri, áhöld og efni til myndlistar.

Kennsluhættir

- Í kennslu myndlistar á yngsta stigi er leitast við að tengja viðfangsefnið nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Til að örva sjálfstæði nemandans í vinnubrögðum er boðið upp á fjölbreyttar leiðir til úrvinnslu og útfærslu verkefna. Lögð verður mikil áhersla á að þjálfa fin- og grófhreyfingar, jafnframt skapandi vinnu.
- Börn á yngsta stigi hafa ríka tjáningarþörf og verður lögð áhersla á að þau geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki.
-

Námsmat

- persónuöppur- möppur nemenda metnar

Textil

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Almenn markmið:

Nemandi:

- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að teikna/mála/lita í tengslum við textilverkefni
- þræði grófa nál

- saumi þræðispor
- geta unnið eftir fyrirmælum frá kennara
- geta beitt einföldustu áhöldum greinarinnar

Námsgögn

- gróf javanál, strammi og perlugarn, textillitir, penslar og léreft. Ullarflóki og heitt sápuvatn
- Nemendur sauma mynd með þræðispori og teikna stafinn sinn á léreft og sauma með þræðispori.
- Afrakstur: Mynd og kodd.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sköpun og sýnikennsla

Námsmat

- Frammistöðumat: umsögn er gefin í lok annar í fáum orðum og eru þessi:
 - Settu marki náð: Nemandi stendur sig vel og hefur náð settum markmiðum
 - Framvinda göð: Stutt er í að nemandi nái settum markmiðum
 - Á réttri leið: Nemandi er komin vel af stað að ná settum markmiðum
 - Þarfnast frekari þjálfunar: Nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná settum markmiðum

Íþróttir

Kennarar: Þórir Rafn Hauksson

Almenn markmið:

- Að nemandi leysi verkefni sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn, vöðva- og liðamótaskyn.
- Að nemandi taki þátt í æfingum sem reyna á samspil skynfæra.
- Að nemandi þjálfist í grunnhreyfingum.
- Þjálfist í æfingum með ymsum áhöldum eins og gjarðir s,s sippubönd, bolta og bekki.
- Að nemandi taki staðlað hreyfiþroskaþróf.
- Að nemandi taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft.
- Að nemandi þjálfist í æfingum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu.
- Að nemandi tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru.
- Að nemandi læri og tileinki sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu, bað og umgengisreglur s,s að ganga frá fótum og handklæði, þvo sér og þurrka.
- Að nemandi læri að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara eins og flautuhljóði og klappi.

Námsgögn

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat

- greiningarpróf – hreyfiþroskapróf MOT 4-6
- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar
- frammistöðumat – verklegt próf
- nemendur fá einkunn að vori. Einkunn gefin í orðunum ágætt - gott - sæmilegt

Sund

Kennarar: Ásgerður Bjarklind og Þórir Rafn

Almenn markmið:

Unnið eftir 1.sundstigi

- Nemendur verða að geta staðið á botni í grynri hluta laugar, andað að sér og andlitið fært í kaf og andað frá sér (endurtekið 10 sinnum).
- Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja (kútar)
- Ganga með andlit í kafi 2,5 m eða lengra
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja

Námsgögn

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat

- verklegt próf, 1. sundstig, nemendur verða að ná öllum markmiðum.